

## **Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Fræði og fjölmennning**

### **Vannýtt auðlind: Menntun innflytjenda og flóttafólks**

RITARI ÁGRIPS: Auður Birna Stefánsdóttir, verkefnisstjóri Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.

ÞÁTTTAKENDUR Í PANEL: Unnur Dís Skaptadóttir prófessor í mannfræði, Ína Dögg Eyþórsdóttir verkefnisstjóri hjá ENIC/NARIC matsskrifstofu Háskóla Íslands og Barbara Kristvinsson ráðgjafi innflytjenda hjá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Fundarstjóri Þorsteinn Víglundsson fyrrum framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Rætt var um atvinnutækifæri innflytjenda og flóttafólks á Íslandi, hvernig menntun þeirra er metin hér á landi og hugmyndir að úrbótum.

Unnur benti á að það væri að sumu leiti auðveldara fyrir innflytjendur á Íslandi að fá aðgang að vinnumarkaðnum, en til að mynda á hinum Norðurlöndunum. **Spurningin væri hins vegar hvort þessi störf sem innflytjendur fá á Íslandi veiti þeim aðgang að samfélaginu og passi þeirra menntun.** Oft ætli fólk að stoppa stutt og sé þá sama að vinna störf sem ekki passi þeirra menntun. Þeir sem stoppi lengur vilji frekar fá starf við hæfi. Það sé hagur okkar á Íslandi að nýta þá reynslu og menntun sem innflytjendur og flóttafólk búi yfir.

#### **Betri upplýsingar til innflytjenda**

Rætt var um að mikilvægt væri að innflytjendur og flóttafólk fengi upplýsingar um hvernig það gæti fengið menntun sína metna og um réttindi sín á vinnumarkaði. Barbara talaði um að það tæki of langan tíma og væri of flókið að fá menntun sína metna sem gæti gert það að verkum að fólk gæfist upp. Mikilvægt væri að auðvelda og styrkja kerfið í kringum mat á menntun og starfsreynslu.

#### **Háskólabrýr**

Ína bendir á að eitt sem þurfi að laga sé að bjóða upp á Háskólabrú á ensku.

#### **Vinna gegn fordómum**

Innflytjendur fá oft ekki sömu tækifæri í starfi, þeim er ekki treyst vegna þess að þeir tali ekki fullkomna íslensku. Mikilvægt að eðlilegt sé að heyra íslensku með hreim og að það séu ekki bara viss störf sem passi innflytjendum. Hingað kemur fólk með alls kyns menntun og reynslu.

#### **Halda utan um tölfræði**

Ein hugmynd um úrbætur var að stofnanir sem tengjast málaflokknum söfnuðu tölfræðilegum gögnum um hvaða menntun innflytjendur og flóttafólk hefur. Halda yrði betur utanum slíkar upplýsingar til að vita hvaða menntun er til staðar.

#### **Meira samráð/samvinna**

Bent var á að mikilvægt væri að betri samráðsvettvangur væri á milli þeirra aðila sem koma að þessum málum til að búa til nýtt og betra kerfi sem hjálpi fólki að nýta menntun sína til fulls.

#### **Fyrirmyndir í nágrannalöndum/samstarf við stofnanir erlendis**

Ína bendir á að Háskóli Íslands sé í samstarfi við matsskrifstofur erlendis sem auðveldi þeim vinnuna. Það hjálpi að vera í alþjóðlegu samstarfi þegar kemur að því til að mynda að meta menntun flóttafólks. Nýta reynslu og gagnagrunna erlendis auk tülka til að tülka gögn.

#### **Starfsfólk og fjármagn**

Til þess að hægt sé að meta menntun innflytjenda og nýta hana hérlendis er mikilvægt að efla matsskrifstofur, það þarf fleira starfsfólk og meira fjármagn. Ína bendir á að mikil aukning hafi orðið á flóttafólki sem leitast eftir mati á menntun en aðeins séu tveir starfsmenn á matsskrifstofunni.